

AUGLÝSING

um gildistöku meginreglna í hagskýrslugerð.

Á grundvelli Evrópureglugerðar nr. 223/2009, um evrópskar hagskýrslur, sem tekið hefur gildi hér á landi í samræmi við EES-samninginn, gilda eftirfarandi meginreglur um opinbera hagskýrslugerð hér á landi. Reglurnar eru ætlaðar stjórnvöldum ESB og aðildarríkja þess og hagskýrsluyfirvöldum, þ.e. Hagstofu ESB (Eurostat), hagstofum einstakra ríkja og öðrum sem hafa með höndum opinbera hagskýrslugerð í aðildarríkjum ESB.

Hagstofa Íslands tekur ásamt öðrum hagstofum EFTA-ríkjanna fullan þátt í evrópska hagskýrslusamstarfinu á grundvelli EES-samningsins. Reglugerð nr. 223/2009 hefur verið tekin upp í EES-samninginn og birt hér á landi en í því felst að mælst er til að meginreglurnar gildi fyrir íslensk stjórnvöld, Hagstofu Íslands og fyrir aðrar opinberar stofnanir sem fást við opinbera hagskýrslugerð hér á landi eins og hún er skilgreind í reglugerð nr. 223/2009.

Meginreglurnar, sem birtar eru sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, öðlast þegar gildi og skal beita við opinbera hagskýrslugerð hér á landi, sbr. lög um Hagstofu Íslands nr. 163/2007. Frá sama tíma fellur niður auglýsing nr. 578/2006, um gildistöku verklagsreglna í hagskýrslugerð.

Forsætisráðuneytinu, 23. nóvember 2016.

F. h. r.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

Sigrún Ólafsdóttir.

Fylgiskjal.

MEGINREGLUR í evrópskri hagskýrslugerð¹.

FORMÁLI

Framtíðarsýn evrópska hagskýrslusamstarfsins² (ESS):

*„Evrópska hagskýrslusamstarfið verður leiðandi á heimsvísu í upplýsingaþjónustu um hag-
tölur og meginupplýsingagjafi fyrir Evrópusambandið og aðildarríki samstarfsins. Evrópska
hagskýrslusamstarfið mun með viðurkenndum aðferðum og verklagi vinna að því að bæta
samræmdar hagtölur sem leggja grunn að lýðræðislegum ákvörðunum og framförum í þjóð-
félaginu.“*

Hlutverk evrópska hagskýrslusamstarfsins:

*„Við veitum Evrópusambandinu, löndum heims og almenningi óháðar og traustar efnahags-
legar og samfélagslegar upplýsingar, hvort sem um er að ræða Evrópu í heild, einstök ríki
eða landsvæði og tryggjum að upplýsingarnar séu öllum aðgengilegar, hvort sem er til
ákvarðanatöku, rannsókna eða almennrar umræðu.“*

Til þess að markmið og framtíðarsýn evrópska hagskýrslusamstarfsins geti orðið að veruleika þurfa þátttakendur að efla samstarf sín á milli og samskipti við notendur í samræmi við meginreglur í

¹ Samþykktar 28. september 2011 af hagstofustjórum evrópska hagskýrslusamstarfsins, European Statistical System Committee (ESSC).

² Evrópska hagskýrslusamstarfið (ESS) er samstarf hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og hagstofa aðildarlandanna. Samstarfið nær einnig til EFTA-landa og ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Hlutverk ESS er að vera leiðandi í að samræma evrópska hagskýrslugerð, í náinni samvinnu við hagskýrsluyfirvöld hvers lands.

evrópskri hagskýrslugerð og meginreglur gæðastjórnunar. Þar með eru taldar skuldbindingar um forystu, samvinnu, starfsánægju og stöðuga þróun og samræmingu.

Meginreglur.

Meginreglur í evrópskri hagskýrslugerð eru byggðar á 15 reglum um stofnanaumhverfi, framleiðsluferli hagtalna og hagskýrslur. Við mat á framkvæmd regnanna er stuðst við mælistikur um gott verklag við hverja meginreglu. Gæðaviðmið eru samkvæmt lögum um evrópska hagskýrslugerð.

Hagskýrsluyfirvöld, þ.e. framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat), hagstofur einstakra ríkja og aðrar hagskýrslustofnanir sem bera ábyrgð á þróun, framleiðslu og miðlun evrópskra hagtalna, ásamt stjórnvöldum, ráðuneytum og ráði Evrópusambandsins skuldbinda sig til þess að fylgja reglunum.

Meginreglurnar, ásamt meginreglum gæðastjórnunar, mynda umgjörð um evrópska hagskýrslusamstarfið.

Stofnanaumhverfi.

Stofnanabundnir og skipulagslegir þættir hafa umtalsverð áhrif á skilvirkni og trúverðugleika hagskýrsluyfirvalda sem taka saman, þróa og miðla evrópskum hagskýrslum. Það sem máli skiptir er faglegt sjálfstæði, umboð til gagnasöfnunar, fjárhagslegt bolmagn, skuldbindingar um gæði, trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, óhlutdrægni og hlutlægni.

1. meginregla: Faglegt sjálfstæði.

Faglegt sjálfstæði hagskýrsluyfirvalda gagnvart öðrum opinberum stjórnvöldum sem annast stefnumótun, stjórnun eða framkvæmd mála, svo og gagnvart einkageiranum, stuðlar að trúverðugleika evrópskra hagskýrslna.

Mælistikur:

- 1.1 Sjálfstæði hagstofa aðildarríkjanna og Hagstofu Evrópusambandsins gagnvart stjórn mála-öflum og annarri utanaðkomandi íhlutun við þróun, gerð og miðlun opinberra hagskýrslna er bundið í lögum og tryggt gagnvart öðrum hagskýrsluyfirvöldum.
- 1.2 Hagstofustjórar aðildarríkjanna, hagstofustjóri Hagstofu Evrópusambandsins, og þar sem það á við, yfirmenn annarra hagskýrsluyfirvalda, eru það hátt settir í embættismannastíganum að þeir eiga aðgang að stjórnvöldum og stofnunum framkvæmdarvaldsins. Fagleg hæfni þeirra er óvefengjanleg.
- 1.3 Hagstofustjórar aðildarríkjanna, hagstofustjóri Hagstofu Evrópusambandsins, og þar sem við á yfirmenn annarra hagskýrsluyfirvalda, bera ábyrgð á því að evrópskar hagskýrslur séu þróaðar, unnar og þeim miðlað án íhlutunar annarra.
- 1.4 Hagstofustjórar aðildarríkjanna, hagstofustjóri Evrópusambandsins, og þar sem við á yfirmenn annarra hagskýrsluyfirvalda, bera einir ábyrgð á ákvörðunum um tölfræðiaðferðir, staðla og verklag, og um efni fréttu og hagtalna og hvenær þær skuli birtar.
- 1.5 Verkátlanir í hagskýrslugerð eru birtar og reglubundnar skýrslur unnar um framgang þeirra.
- 1.6 Hagskýrsluútgáfum er haldið skýrt aðgreindum frá stjórn mála- og stefnuyfirlýsingum.
- 1.7 Hagstofur aðildarríkjanna, Hagstofa Evrópusambandsins og þar sem við á önnur hagskýrslugerðaryfirvöld gera opinberlega athugasemd við tölfræðileg málefni, þ.m.t. gagnrýni á hagtölur og misnotkun á þeim, sé það talið viðeigandi.
- 1.8 Skipun hagstofustjóra aðildarríkjanna og Evrópusambandsins, og eftir föngum annarra hagskýrslustofnana, er eingöngu byggð á faglegri hæfni. Í lögum skal skilgreina ástæður fyrir því að forstöðumaður verði leystur frá störfum. Þær ástæður mega ekki brjóta í bága við faglegt sjálfstæði hlutaðeigandi stofnunar.

2. meginregla: Umboð til gagnasöfnunar.

Hagskýrsluyfirvöld hafa skýrt lagalegt umboð til að safna upplýsingum til hagskýrslugerðar. Með lögum má skylda stjórnvöld, fyrirtæki, heimili og almenning til að veita hagstofum aðgang að eða láta þeim í té gögn til hagskýrslugerðar.

Mælistikur:

- 2.1 Umboð hagskýrsluyfirvalda til söfnunar gagna til þróunar, framleiðslu og miðlunar evrópskra hagskýrslna er lögbundið.
- 2.2 Hagskýrsluyfirvöld hafa lagaheimildir til að nota stjórnsýslugögn til hagskýrslugerðar.
- 2.3 Hagskýrsluyfirvöld hafa lagalega heimild til að krefjast svara við tölfræðilegum könnunum.

3. meginregla: Fjárhagslegt bolmagn.

Hagskýrsluyfirvöld hafa nægilegt fjármagn til að standast kröfur um gerð evrópskra hagskýrslna.

Mælistikur:

- 3.1 Starfslið, fjármagn og tölvubúnaður er nægur, bæði að magni og gæðum, til að svara kröfum hagskýrslugerðar hverju sinni.
- 3.2 Umfang, sundurliðun og kostnaður við hagskýrslugerð er í samræmi við þarfir.
- 3.3 Vinnureglur eru tiltækar til að meta og réttlæta þörf fyrir nýja hagskýrslugerð miðað við kostnað.
- 3.4 Vinnureglur eru tiltækar til að meta áframhaldandi þörf fyrir alla hagskýrslugerð til að athuga hvort leggja megi niður einhverja þeirra eða draga úr þeim til að losa um fjármagn.

4. meginregla: Gæðaskuldbindingar.

Aðilar að evrópska hagskýrslusamstarfinu hafa gæðaskuldbindingar að leiðarljósi. Þeir fara kerfisbundið og reglulega yfir styrkleika og veikleika starfseminnar og stuðla þannig að stöðugum framförum í hagskýrslugerð.

Mælistikur:

- 4.1 Gæðastefna er birt opinberlega. Skipulag og verkfæri gæðastjórnunar eru til staðar innan stofnunarinnar.
- 4.2 Verkferlar eru fyrir hendi til að skipuleggja og hafa eftirlit með gæðum framleiðsluferla hagtalna.
- 4.3 Fylgst er með gæðum hagskýrslna, þær metnar út frá því hvort hægt sé að endurnýja þær eða skipta þeim út, og greint frá niðurstöðum í samræmi við gæðaviðmið í evrópskri hagskýrslugerð.
- 4.4 Helstu hagskýrsluafurðir eru endurmetnar reglulega og ítarlega, með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga þegar við á.

5. meginregla: Trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð.

Fyllilega er tryggt að friðhelgi gagnaveitenda (heimila, fyrirtækja, stjórnvalda og annarra svarenda) sé virt, farið er með upplýsingar sem þeir veita sem trúnaðarmál og þær eingöngu notaðar til hagskýrslugerðar.

Mælistikur:

- 5.1 Trúnaðarkvaðir við hagskýrslugerð eru lögbundnar.
- 5.2 Starfsfólk undirritar trúnaðarheit við ráðningu.
- 5.3 Viðurlög eru við trúnaðarbroti af yfirlögðu ráði.

- 5.4 Starfsfólk fær viðmiðunarreglur og leiðbeiningar um trúnaðarkvaðir við framleiðslu- og miðlunarferli hagtalna. Stefna um trúnað í hagskýrslugerð er birt opinberlega.
- 5.5 Efnislegar, tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir eru fyrir hendi til að tryggja öryggi og heilleika tölfraðilegra gagnasafna.
- 5.6 Strangar reglur gilda um aðgang utanaðkomandi aðila að tölfraðilegum einstaklingsgögnum í rannsóknarskyni.

6. meginregla: Óhlutdrægni og hlutlægni.

Hagskýrslufirvöld þróa, framleiða og miðla evrópskum hagskýrslum af vísindalegum heilindum og á hlutlægan, faglegan og gagnsæjan hátt svo að allir notendur standi jafnt að vígi.

Mælistikur:

- 6.1 Hagskýrslur eru byggðar á hlutlægum grunni sem ræðst af tölfraðilegum sjónarmiðum.
- 6.2 Val á gögnum og tölfraðiaðferðum svo og ákvarðanir um miðlun hagtalna ráðast af tölfraðilegum sjónarmiðum.
- 6.3 Villur sem finnast í útgefnum hagskýrslum eru leiðréttar og leiðréttingarnar birtar svo skjótt sem auðið er.
- 6.4 Upplýsingar um aðferðir og verklag eru aðgengilegar almenningi.
- 6.5 Tilkynnt er fyrirfram um birtingardag og –stund hagskýrslna.
- 6.6 Tilkynnt er fyrirfram um meiriháttar endurskoðun hagskýrslna og breytingar á aðferðum.
- 6.7 Allir notendur hafa jafnan aðgang að hagskýrslufréttum á sama tíma. Forgangur utanaðkomandi að efni þeirra er takmarkaður, undir eftirliti og gerður opinber. Leki fréttir út eru forgangsheimildir endurskoðaðar til að tryggja óhlutdrægni.
- 6.8 Hagskýrslufréttir og yfirlýsingar á fréttamannafundum eru hlutlægar og draga ekki taum neins.

Framleiðsluferli hagtalna.

Farið er að fullu eftir evrópskum og alþjóðlegum stöðlum, leiðbeiningum og góðum starfsvenjum við framleiðsluferli sem hagskýrslufirvöld nota við skipulag, gagnasöfnun, úrvinnslu og miðlun á evrópskum hagskýrslum. Orðspor góðrar stjórnunar og skilvirkni við hagskýrslugerð eykur traust á hagtolum. Mestu máli skiptir traust aðferðafræði, viðeigandi tölfraðiaðferðir, hóflegt álag á svarendur og hagkvæmur rekstur.

7. meginregla: Traust aðferðafræði.

Gæði hagskýrslna byggjast á traustri aðferðafræði. Þetta krefst fullnægjandi tækni, aðferða og sérfræðipækkingar.

Mælistikur:

- 7.1 Aðferðafræðileg undirstaða í evrópskri hagskýrslugerð samrýmist evrópskum og öðrum alþjóðlegum stöðlum, leiðbeiningum og góðum starfsvenjum.
- 7.2 Verkfærlar eru til staðar sem tryggja að viðurkenndum hugtökum, skilgreiningum og flokkunum sé beitt markvisst af hagskýrslufirvöldum.
- 7.3 Fyrirtækjaskrá og úrtaksrammi fyrir einstaklingskannanir eru yfirlitreglulega og lagfærðir ef nauðsyn krefst til þess að tryggja bestu gæði.
- 7.4 Flokkunarkerfi til innlendra nota eru í fullu samræmi við samsvarandi evrópsk flokkunarkerfi.
- 7.5 Starfsfólk með viðeigandi háskólamenntun er ráðið til starfa.
- 7.6 Hagskýrslufirvöld koma á stefnu um starfsmiðaða símenntun fyrir starfsfólk sitt.
- 7.7 Skipulegt samstarf er við vísindasamfélagið til að bæta aðferðafræði, skilvirkni þeirra aðferða sem beitt er og til þess að hvetja til nýrra og betri aðferða þar sem því verður við komið.

8. meginregla: Viðeigandi tölfræðiaðferðir.

Viðeigandi tölfræðiaðferðum er beitt á öllum stigum hagskýrslugerðar til þess að tryggja gæði hennar.

Mælistikur:

- 8.1 Ef evrópsk hagskýrslugerð er byggð á stjórnsýslugögnum verða skilgreiningar og hugtök sem notuð eru í þágu stjórnsýslu að svara nokkurn veginn til þess sem krafist er vegna hagskýrslugerðar.
- 8.2 Ef um er að ræða kannanir eru spurningalistar prófaðir skipulega áður en þeim er beitt til gagnasöfnunar.
- 8.3 Snið rannsókna, val á úrtaki og matsaðferðir byggja á traustum grunni, þær yfirfarnar reglubundið og endurskoðaðar eftir þörfum.
- 8.4 Söfnun, skráning og kóðun gagna er háð reglubundnu eftirliti og endurskoðað eftir þörfum.
- 8.5 Beitt er viðeigandi aðferðum við gagnahreinsun og tilreikninga og þær endurskoðaðar eða endurnýjaðar eftir þörfum.
- 8.6 Endurskoðun fylgir viðurkenndu, traustu og gagnsæju verklagi.
- 8.7 Hagskýrslufirvöld eru höfð með í ráðum við hönnun stjórnsýslugagna með það að markmiði að þau falli að þörfum hagskýrslugerðar.
- 8.8 Samkomulag er gert við eigendur stjórnsýslugagna þar sem fram koma sameiginlegar skuldbindingar vegna notkunar gagna til hagskýrslugerðar.
- 8.9 Hagskýrslufirvöld vinna með eigendum stjórnsýslugagna til að tryggja gæði gagnanna.

9. meginregla: Hóflegt álag á svarendur.

Álag á svarendur vegna skýrslugjafar er í réttu hlutfalli við þarfir notenda og íþyngir svarendum ekki óhóflega. Hagskýrslufirvöld fylgjast með svarbyrðinni og setja sér markmið um að draga úr henni með tímanum.

Mælistikur:

- 9.1 Kröfur evrópskrar hagskýrslugerðar um umfang og sundurliðun takmarkast við það sem talið er algerlega nauðsynlegt.
- 9.2 Svarbyrði er dreift eins og kostur er milli þýða við kannanir.
- 9.3 Upplýsingar sem aflað er frá fyrirtækjum miðast, eftir því sem unnt er, við það sem er tiltækt í bókhalda þeirra, og tölvutækni er beitt, þegar þess er kostur, til að auðvelda gagnaskil.
- 9.4 Stjórnsýslugögn eru jafnan notuð þegar þau eru tiltæk til að koma í veg fyrir að beðið sé oft um sömu upplýsingar.
- 9.5 Hagskýrslufirvöld samnýta gögn til að draga úr umfangi úrtaksrannsókna.
- 9.6 Hagskýrslufirvöld stuðla að því að tengja saman gagnasöfn til þess að minnka álag vegna skýrslugjafar.

10. meginregla: Kostnaðarhagkvæmni.

Fjármunir eru nýttir af hagkvæmni.

Mælistikur:

- 10.1 Notkun fjármuna hagskýrslufirvalds er háð innra eftirliti og óháðu ytra eftirliti.
- 10.2 Tækifæri til aukinnar framleiðni sem felast í upplýsinga- og samskiptatækni eru nýtt eins og kostur er við gagnasöfnun, úrvinnslu og miðlun.
- 10.3 Áhersla er lögð á að auka gildi stjórnsýslugagna til hagskýrslugerðar og takmarka notkun á beinum könnunum.
- 10.4 Hagskýrslufirvöld stuðla að og koma á stöðluðum lausnum sem auka skilvirkni og hagkvæmni.

Hagskýrslur.

Hagskýrslur uppfylla þarfir notenda. Þær fylgja evrópskum gæðastöðlum og gagnast evrópskum stofnunum og stjórnvöldum einstakra ríkja, rannsóknarstofnunum, fyrirtækjum og almenningi. Mestu máli skiptir að hvaða marki hagskýrslurnar eru hagnýtar, nákvæmar og áreiðanlegar, tímanlegar, samræmdar, samanburðarhæfar milli landsvæða og ríkja og aðgengilegar notendum.

11. meginregla: Notagildi.

Evrópskar hagskýrslur fullnægja þörfum notenda.

Mælistikur:

- 11.1 Á skipulagðan hátt er ráðgast við notendur, fyrirliggjandi hagskýrslugerð er metin með tilliti til mikilvægi og notagildi, og þarfir notenda hafðar í huga varðandi nýjar hagskýrslur og áherslur í forgangsröðun verkefna.
- 11.2 Í starfsáætlunum er brýnustu þörfum notenda mætt.
- 11.3 Ánægja notenda er mæld reglulega og niðurstöðum fylgt eftir á kerfisbundinn hátt.

12. meginregla: Nákvæmni og áreiðanleiki.

Evrópskar hagskýrslur lýsa raunveruleikanum á nákvæman og áreiðanlegan hátt.

Mælistikur:

- 12.1 Frumgögn, niðurstöður á vinnslustigi og hagtölur eru metnar reglulega og sannreyndar.
- 12.2 Úrtaksskekkjur og aðrar skekkjur eru metnar og skráðar kerfisbundið samkvæmt evrópskum stöðlum.
- 12.3 Endurskoðanir sæta reglubundinni greiningu til að bæta aðferðir í hagskýrslugerð.

13. meginregla: Tímanleiki og stundvísi.

Evrópskar hagskýrslur eru birtar svo fljótt sem kostur er og á tilsettum tíma.

Mælistikur:

- 13.1 Tímanleiki samrýmist evrópskum og öðrum alþjóðlegum stöðlum um birtingu.
- 13.2 Hagskýrslur eru jafnan birtar á sama tíma dags og sá tími birtur opinberlega.
- 13.3 Tíðni evrópskra hagskýrslna miðast við þarfir notenda eftir því sem við verður komið.
- 13.4 Frávik frá birtingaráætlun eru auglýst fyrirfram, þau skýrð og nýr birtingartími tilkynntur.
- 13.5 Birta má bráðabirgðaniðurstöður af ásættanlegri nákvæmni þegar það er talið gagnlegt.

14. meginregla: Samræmi og samanburðarhæfi.

Evrópskar hagskýrslur eru sjálfum sér samkvæmar, samfelldar frá tímabili til tímabils og samanburðarhæfar milli landsvæða og ríkja. Hægt er að tengja og samnýta skyld gögn af mismunandi uppruna.

Mælistikur:

- 14.1 Hagskýrslur eru samræmdar innbyrðis og sjálfum sér samkvæmar (þ.e. gerður er greinarmunur á reiknuðum niðurstöðum og bókhaldsniðurstöðum).
- 14.2 Hagskýrslur eru samanburðarhæfar frá einum tíma til annars að því marki sem er raunhæft.
- 14.3 Hagskýrslur eru byggðar á almennum stöðlum hvað snertir umfang, skilgreiningar, einingar og flokkanir í mismunandi rannsóknum og gagnaveitum.
- 14.4 Hagskýrslur sem byggja á mismunandi heimildum og hafa mismunandi tíðni eru bornar saman og samræmdar.
- 14.5 Samanburðarhæfi gagna milli ríkja er tryggð innan evrópska hagskýrslukerfisins með reglubundnum samskiptum milli evrópska hagskýrslukerfisins og annarra hagskýrslu-

kerfa. Aðferðafræðilegar greiningar fara fram í náinni samvinnu milli aðildarríkjanna og Hagstofu Evrópusambandsins.

15. meginregla: Aðgengi og skýrleiki.

Evrópskar hagskýrslur eru settar fram á skýran og auðskilinn máta, þeim miðlað á hagkvæman og hentugan hátt, hafðar tiltækar og aðgengilegar á hlutlausan hátt og eru studdar með lýsigögnum og leiðbeiningum.

Mælistikur:

- 15.1 Framsetning og skjölun hagtalna og viðkomandi lýsigagna er þannig að hún gefur færi á réttri túlkun og raunhæfum samanburði.
- 15.2 Við miðlun hagtalna er beitt nýjustu upplýsinga- og samskiptatækni og ef við á, hefðbundnu prentverki.
- 15.3 Sérniðin greining er látin í té eftir föngum og hún gerð opinber.
- 15.4 Veita má aðgang að einstaklingsögnum til vísindarannsókna eftir settum reglum þar að lútandi.
- 15.5 Lýsigögn eru skjalfest í samræmi við stöðluð lýsigagnakerfi.
- 15.6 Notendur eru upplýstir um aðferðafræði við gerð hagskýrslna, þar á meðal um notkun stjórnsýslugagna.
- 15.7 Notendur eru upplýstir um gæði hagskýrslna með tilliti til gæðaviðmiða í evrópskri hagskýrslugerð.